

BORGARRÁÐ 11. mars 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur - R21030120

Þriggja manna starfskjaranefnd starfar innan Orkuveitu Reykjavíkur og fær hver nefndarmaður miðað við upplýsingar frá í janúar 2019, 25.000 kr. á tímann. Að auki fær formaður nefndarinnar sömu þóknun auk 50% álags, eða 37.500 krónur á tímann. Það er starfskjaranefnd sjálf sem leggur til hver laun nefndarmanna skulu vera. 1. Hvað hefur Orkuveita Reykjavíkur greitt til starfskjaranefndar félagsins síðan hún var sett á laggirnar sundurliðað eftir árum? 2. Hvað hefur formaður starfskjaranefndarinnar fengið greitt sundurliðað eftir árum?